

Orkustofnun
Bryndís Guðrún Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



Reykjavík 1. febrúar 2016
UST201601-155/B.S.
10.05.01

Efni: Umsókn. Efnistaka - Viðfjörður við Norðfjarðarflóa – viðbætur. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 25. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Hafnarsjóður Fjarðabyggðar sækir um leyfi til töku á allt að 19.370 m³ til viðbótar við 35.000 m³ sem þegar hefur verið veitt leyfi fyrir.

Umhverfisstofnun hefur áður bent á að að gera eigi kröfu um þekkingu á lífríki og jarðmyndunum á fyrirhuguðum efnistökusvæðum þannig að leyfisveitandi geti gert sér grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum efnistökkunnar. Nú eru hafnar rannsóknir á hafsbotni í Viðfirði. Niðurstöður þeirra rannsókna munu að líkindum ekki liggja fyrir áður en þeirri framkvæmd sem Hafnarsjóður Fjarðabyggðar stendur nú fyrir er lokið.

Umhverfisstofnun telur rétt að lokinni þeirri viðbótarefnistöku sem hér um ræðir verði ekki af frekari efnistöku í Viðfirði fyrir en fyrir liggja upplýsingar um botndýralíf og jarðmyndanir í Viðfirði og þau áhrif sem efnistakan kann að hafa.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri